

**Kendra J. Willson**

## **Eyjar í textahafinu. Íslenska á veraldarvefnum**

Efniságrip: Veraldarvefurinn gerir það miklu auðveldara fyrir nemendur sem læra erlent mál að nálgast „ekta“ texta ýmiss konar sem geta verið sem „gluggi“ inn í markmálssamfélagið. Leitar- möguleikar vefsins gera nemendum kleift að bera saman mörg dæmi um tiltekið orð eða orðalag. Þeir geta einnig athugað hvort ákveðið orðasamband kemur fyrir í þessu mikla „textasafni“ og fengið lauslegar hugmyndir um tíðni. Lýst verður nokkrum æfingum sem eru ætlaðar til að hjálpa nemendum til (a) að skilja meginþráðinn í erfiðum texta og geta sér til um eðli hans þótt þeir skilji ekki heildina, (b) að athuga þætti í málfræði og málnotkun, t.d. beygingar, fallnotkun, forsetningaval, virkni for- og viðskeyta og notkun einstakra orða og nota þessar upplýsingar til að leiðrétta eigin stíla, (c) að fræðast um land og þjóð. Í æfingunum eru nemendur t.d. látnir fletta upp nöfnum og heimilisföngum í síma- skránni (simaskra.is), fletta upp ýmsum fallmyndum af örnefnum til að komast að því hvort notað sé „í“ eða „á“ með tilteknu nafni og finna nýyrði með forskeytinu jóla-. Æfingunum er lýst, sýnishorn af svörum frá nemendum við Manitobaháskóla sýnd, reynt er að meta árangur og möguleikarnir varðandi framtíðarþróun eru ræddir.

### **I. Inngangur: Nýr heimur**

Hnattvæðing upplýsinga með Veraldarvefnum hefur valdið byltingu í tungumálanámi. Netíð stórbætir aðgang nemenda að erlendum málum og málsamfélögum.

Áður fyrr söfnuðu kennarar blaðagreinum og rútumíðum sem jarteiknum um ferðir sínar í annan heim til að sanna fyrir nemendum að sá heimur væri til. Nú geta nemendur horft á nýjustu sjónvarpsfréttir á Netinu, skipulagt ferðalög og tekið þátt í umræðum á spjallrásum. Nemendur eru orðnir skyggjarnir! Samt þurfa þeir á leiðsögn sjamansins (kennarans) að halda til að rata í þessum framandi heimi.

Vefurinn hefur marga kosti sem heimild fyrir tungumálakennslu. Það er auðvelt að nálgast „ekta“ texta og nýjan sem tengist nútímanum og er því „lifandi“ (t.d. fréttir). Vefefni endurspeglar líka fjölbreyttari málsnið heldur en prentaðar heimildir, þ.á m. dæmi um notkun sem er nær talmáli. Að auki bjóða leitar- möguleikar Netsins upp á ýmsa kosti sem hjálpa til að varpa ljósi á málnotkun. Vefurinn getur einnig verið gluggi inn í málsamfélagið – annan heim.

Aftur á móti felur notkun vefsins sem textasafns einnig í sér margar áskoranir. Um er að ræða yfirgnæfandi, óþekkt magn síbreytilegra upplýsinga, þar sem „villur“ alls konar eru algengar og sömuleiðis frávík frá viðurkenndri málnotkun – í stuttu máli sagt, stjórnsýsi.

### **II. Að veiða eða drukkna?**

Bæði málfræðingar og þýðendur nota Vefinn sem hjálpargögn. Þarfir og áhugamál þessara hópa eru um ýmislegt sameiginleg þörfum tungumálanemenda en eru þó ekki alveg eins.

Margir málfræðingar hafa notfært sér möguleika vefsins til að safna efni í málfræðirannsóknir. Netíð er einkum notað til að skoða nýjungar í tungumálum og frávík frá staðli. Hins vegar þarf að fara með gát við notkun dæma af Netinu.

Vefurinn endurspeglar málbeitingu („performance“) en ekki málkunnáttu („compe- tence“). Þetta hefur í för með sér að vefefni inniheldur margs konar „málbeitingarvillur“.

Stakt dæmi dugir því ekki til að sanna að tiltekin setningagerð sé tæk. Keller og Lapata (2003) hafa hins vegar sýnt fram á að fylgni sé milli tíðni leitarniðurstaðna og dóma málhafa um tiltekið orðasamband. En hvað þarf mörg dæmi?

Neikvæð gögn og „glötuð tækifæri“ eru einnig mikilvæg umhugsunarefni. Ef tiltekið málfræðilegt fyrirbæri er ekki að finna á Vefnum, þýðir það þá að það sé ekki tækt? Hér skiptir textamagn líka máli. Vefurinn inniheldur mun færri gögn á íslensku heldur en ensku en aftur á móti miklu minna „rusl“ (t.d. vélrænar þýðingar og texta skrifaða af ekki-málhöfum – þótt slík gögn séu athyglisverð í öðru samhengi).

Þýðendur nota oft þýddar síður og þýdd hugtök sem hliðstætt textasafn við leit að þýðingarsamsvörunum. Þeir leita dæma um heiti, orðasambönd og notkun orða. Þetta á einkum við um þá sem þýða á annað mál en móðurmálið en einnig þeir sem þýða yfir á eigið móðurmál þurfa stundum að leita dæma um sérhæfðan orðaforða, málnotkun eða til að staðfesta eigin máltilfinningu. Auðvitað nota þýðendur einnig veforðabækur og önnur slík hjálpartæki.

Að hvaða leyti eru þarfir og aðferðir málfræðinga, þýðenda og tungumálanemenda (ó)líkar? Volk hvetur málfræðinga til að veiða í vötnum Vefsins: „We will all have to learn to fish in the waters of the web.“ (Volk 2002: 9) Málfræðingar eru á veiðum eftir gögnum en nemendur öllu heldur að drukkna í upplýsingaflóðinu. Þeir leita að haldreipi, björgunarvesti eða skeri til að halda sér ofansjár þangað til þeir geta lært að synda í hafi tungumálsins.

Málfræðingar sem nota Vefinn sem textasafn vinna yfirleitt við tungumál sem þeir kunna vel. Nemendur verða að beita heimildarýni á þau gögn sem þeir finna: Hvernig geta nemendur greint á milli „réttis“ máls, óformlegrar notkunar og málvillna? Tungumálanemendur þurfa líka að læra málfræðihugtök um leið og þeir læra málið, meðan málfræðingar hafa yfirleitt góð tækni á þessum hugtökum. Nemendur eiga ekki heldur að einangra málfræði frá innihaldi heldur líta á hvort tveggja í samhengi.

Það hefur verið viðurkennt í nokkra áratugi að eitt einkenni góðra tungumálanemenda sé óreiðuþol (e. „tolerance for ambiguity“) (sbr. t.d. Ely 1989; Chapelle og Roberts 1986; Stern 1983: 380-383; Naiman, Frohlich og Todesco 1975). Auðvitað er þol nemenda misjafnt. Það að rækta óreiðuþol hjá nemendum er eitt af „tíu boðorðum“ Browns (2000: 137) um tungumálakennslu og -nám. Eitt markmiðið með þeim æfingum sem hér verður lýst er að rækta óreiðuþol.

Hugtakið óreiðuþol á einnig við um kennara. Lausnir nemenda á þessum æfingum verða mjög ólíkar. Mat á lausnum verður óhjákvæmilega huglægt. Ég vil hvetja kennara til að vera opna fyrir mismunandi hæfileikum nemenda og einnig til að skoða þann framandi heim sem texti á markmáli er í gegnum augu nemenda.

### III. Tilurð æfinganna

Kennsluefnið sem hér verður lýst er ekki vefefni búið til sem kennslugögn heldur dæmi um hvernig má nota vefinn sem auðlind.

Innblásturinn að þessum æfingum er sóttur að hluta til æfinga sem hafa verið notaðar við kennslu í rússnesku á byrjunarstigi við Kaliforníuháskóla í Berkeley. Ellen Langer hefur gert tilraun til að nota kennslubækur í náttúruvísindum á grunnskólastigi o.fl. í tungumálakennslu á háskólastigi. Nemendur eru hvattir til að giska og nota samhengið og þekkingu á heiminum til að átta sig á aðalatriðum – þótt þeir skilji ekki sérhvert orð.

Ég þróaði eftirfarandi æfingar til að nota í „málverstímum“ í íslensku á fyrsta ári við Manitoba-háskóla 2003-2004. Einu sinni í viku að loknum tíma var farið í málver. Ég var ekki sátt við það efni sem var fyrir hendi þar en ákvað að nýta mér að það var búið að panta tíma í málveri með nettengdum tölvum til að gera tilraunir með netæfingar. Þá var ég sem

kennari viðstödd og gat svarað spurningum sem er ákveðinn kostur en nemendur skiluðu skýrslum seinna og luku yfirleitt við æfingarnar heima. Það er sjálfsagt að nota þessar æfingar líka sem heimaverkefni, við netkennslu eða sjálfstýrt nám. Leiðbeiningar voru skrifaðar bæði á íslensku og ensku. Nemendur máttu skrifa svör á ensku.

#### IV. Dæmi um æfingar

##### 1. Sparsemi í orðabókarnotkun

Fyrsta æfing sem sagt verður frá er ekki netæfing heldur var notuð sem hópæfing í tíma. Hún sækir samt innblástur í tæknilegar nýjungar á sviði fjarsamskipta og sýnir sömu almennu stefnu: nemendur verða að hætta sér út í óvissuna og venjast því að finna merkingu í texta þótt þeir skilji ekki sérhvert orð.

Sumum nemendum hættir til að vera allt of háðir orðabókinni og „festast“ ef þeir rekast á orð sem þeir skilja ekki. Til að hvetja þá til að nota orðabókina í hófi notaði ég eftirfarandi æfingu (með fréttatexta af síðunni [www.mbl.is](http://www.mbl.is)):

*Ímyndaðu þér að þú verðir að panta orðabókarfærslur í gegnum farsíma. Hver færsla kostar 100 kr. Þú hefur aðeins efni á því að fletta upp 5 orðum í þessari grein. Hvaða orð ætlar þú að velja og hvers vegna?*

Þegar nemendum er bannað að fletta upp hverju einasta orði sem þeir skilja ekki neyðast þeir til að ákveða hvaða orð skipta mestu máli – og að þora að giska á merkingu hinna.

Slík orðabókarþjónusta var til í Finnlandi um skeið. Í daglegu lífi er hins vegar mun algengara að kostnaðurinn við að fletta upp orðum felist í tímanum sem notaður er – en auðvitað er tími sama og peningar.

##### 2. Símaskráin

Þessi æfing var notuð strax í fyrstu kennsluviku á 1. ári. Tilgangurinn var að æfa stafrófið og kynna íslenska mannanafnakerfið um leið.

Ýmsar velþekktar, oft goðsögum líkar staðreyndir tengjast íslenskum mannanöfnum; t.d., að langflestir Íslendingar hafi föðurnafn en ekki ættarnafn, að fólki sé raðað eftir eigin nafni í símaskránni, að ströng lög gildi um það hvaða nöfn má gefa börnum og að það hafi verið forsenda fyrir íslenskum ríkisborgararétti frá 1952 til 1995 að taka upp íslenskt nafn.

Þessi æfing veitti nemendum tækifæri til að kynnast íslenska mannanafnakerfinu og nokkrum frægum persónum Íslandssögunnar og að athuga hvort þeirra eigin nöfn væru til á Íslandi. Þeir áttu að finna heimilisföng og aðrar upplýsingar í netvæddu símaskránni [simaskra.is](http://simaskra.is) og markmiðið var einnig að þeir uppgötvuðu að það er hægt að vita ýmislegt um vefsíðu þótt maður skilji ekki mikið af textanum. Ég tengdi æfinguna við æfingu í tíma þar sem nöfn frægra Íslendinga voru límd aftan á skyrtur nemenda. Þeir áttu að komast að því „hverjir þeir væru“, raða sér í stafrófsröð o.s.frv.

*Í tímanum í dag hefur þú 'verið' einn af eftirfarandi þekktum Íslendingum:*

*Einar Hjörleifsson Kvaran, Þórbergur Þórðarson, Jón Arason (biskup), Halldór Kiljan Laxness, Björk Guðmundsdóttir, Vigdís Finnbogadóttir, Jón Sigurðsson (forseti), Snorri Sturluson, Ólafur Ragnar Grímsson, Davíð Oddsson, Ingólfur Arnarson.*

1. Raðið nöfnunum að ofan eftir stafrófsröð (skrifðið 1, 2, 3 o.s.frv. við nöfnin).
2. Flettið upp þeim sem þú hefur 'verið' t.d. í uppflettiritum eða á Netinu. Hver er eða var þessi maður eða kona? Hvenær var hann eða hún uppi (hvenær lifði hann eða hún)? Hvað gerði hann eða hún? Verið tilbúin til að segja okkur frá þessum manni eða þessari konu (á ensku) og skrifðu eina efnisgrein um hann eða hana (á ensku). Skrifðu líka hvaða heimildir þið hafið notað – t.d. titla (og e.t.v. höfunda) á bókum eða vefköng heimasíðna.
3. Flettið upp sama nafni í símaskránni (simaskra.is). Hvað eru margir sem heita þessu nafni? Hvar búa þeir og hvaða störf hafa þeir?
4. Flettið upp ykkar eigin nöfnum (skírnar- og/eða ættarnafni) á simaskra.is. Eru nokkrir á Íslandi sem heita sama nafni og þú? Hvað getið þið sagt um þá?
5. Flettið upp einhverjum af frösunum sem við höfum lært (t.d. „blessaður“, „takk“) á google.com eða leit.is. Skoðið nokkrar vefsíður þar sem þeir koma fyrir. Hvers konar vefsíður eru þetta (t.d. dagbækur, bréf, spjallstofur, opinberar heimasíður o.s.frv.)? Hvernig vitið þið það? Hverjum tilheyra síðurnar? Eru þær allar á íslensku eða líka á öðrum tungumálum (hvaða)? Gefið nokkur dæmi (vefföng) ásamt athugasemdum og skýringum (á ensku).

Hér er dæmi um svar eins nemanda við atriðum 2-5:

2. Björk Guðmundsdóttir was born in Reykjavik, Iceland, on November 21, 1965. At the age of five she was enrolled in music school where she studied flute and piano for ten years. At the age of eleven she made an album with the help of her mother and friends entitled Björk which had many cover songs from bands such as the Beatles, but only one song that she wrote herself. She started to form punk bands by 13, first Exodus, then Tippi Tikarrass, then K.U.K.L. and in 1987, Einar Orn, Siggi Baldurson and Björk formed a new band, called The Sugarcubes, with Thor Eldon, Magga Ornlófsdóttir and Bragi Ólafsson. By 1992 they had 4 albums and they were ready to go their separate ways. In 1993, Björk released her first “real” solo album, called Debut. It was followed by Post in 1995, Telegram in 1996, Homogenic in 1997, Selmasongs in 2000, and her most recent, Vespertine in 2001. Björk has one son named Sindri and she is divorced.

3.) There are 7 women in Iceland presently named Björk Guðmundsdóttir.

- Björk Guðmundsdóttir, nemi, Gónhóli 20, 260 Njarðvík
- Björk Guðmundsdóttir, sjúkraliði, Eikarlundi 17, 600 Akureyri
- Björk Guðmundsdóttir, prentsmiður, Miðhúsum 14, 112 Reykjavík
- Björk Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Heiðarhjalla 14, 200 Kópavogur
- Björk Guðmundsdóttir, Breiðvangi 46, 220 Hafnarfjörður
- Björk Guðmundsdóttir, Tryggvagötu 6, 101 Reykjavík
- Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfr., Brunnstíg 1, 220 Hafnarfjörður

4.) There are no women in Iceland named [student's name].

- 5.) *The sites I found were: 1-www.sniglar.is/frett.asp?id=150  
2-www.geocities.com/burtmedboltann/index2.html  
3-www.gummijoh.net*

*1- is a motorcycle website. I know this because there are pictures of motorcycles on the page. It is printed only in Icelandic. It belongs to "Sniglar."*

*2- is a sports page. I know this because there is a picture of a man in a soccer uniform. It is only in Icelandic. It belongs to "Bönnum Boltann."*

*3- is an entertainment site. I know this because some of the site is in English. It is in English and Icelandic only. It belongs to "Sniðugur Strákur."*

Hér sést að nemandinn hefur notað almenna þekkingu á heiminum og „netheiminum“ til að finna upplýsingar. Þótt hún hafi ekki rétt fyrir sér í öllum smáatriðum (t.a.m. er „Bönnum boltann“ væntanlega slagorð en ekki félag) virðist túlkun hennar á vefsíðunum skynsamleg og sannfærandi. Hún virðist fremur vel að sér í Bjarkarmálum.

Þegar ég kynnti þessar æfingar á „Share Fair“ í Berkeley á vormisserinu 2005 komst ég að því mér til mikilla vonbrigða að Björk Guðmundsdóttir á Tryggvagötu var ekki lengur í símaskránni.

### *3. Þýðingar sem Rósettusteinar*

Í tilefni Dags íslenskrar tungu (16. nóv., afmælisdags skáldsins Jónasar Hallgrímssonar [1807-1845]) var skoðuð vefslóð með þýðingum Dicks Ringler á ljóðum eftir Jónas.

Þýðingar Ringlers eru langt frá því að vera orðréttar. Reyndar hefur hann verið gagnrýndur fyrir að fara of frjállega með merkingu ljóðanna (Amory 2004, Cook 2004). Amory (2004) heldur því fram að slíkar þýðingar komi hvorki til móts við þarfir þeirra sem eru að reyna að skilja ljóðin á frummálinu né þeirra sem ekki kunna íslensku. Mér fannst hins vegar þessar „frjállegu“ þýðingar hafa upp á ýmislegt að bjóða fyrir nemendum á fyrsta ári í íslensku sem erlendu máli.

Nemendum fræðast um ævi Jónasar, skrif og samtíð. Þeir njóta textanna sem bókmennta og fá tilfinningu fyrir hrynjandi ljóðanna, stuðlun og endarími – einkennum sem eru miðlæg í reynslu lesenda af skáldskap Jónasar á íslensku en þeim hættir til að hverfa í orðréttum þýðingum (sbr. Silju Aðalsteinsdóttur 2007).

*Farið á vefsíðuna <http://www.library.wisc.edu/etext/Jonas/>. Hún er aðallega á ensku. Lesið greinarnar um ævi Jónasar og starf. Skrifðið niður eitthvað sem ykkur fannst skemmtilegt eða forvitnilegt í þessum greinum. Svo eru einnig ljóð eftir hann á íslensku og ensku með skýringum og jafnvel hægt að hlusta á sum ljóðin. Veljið eitt ljóð. Lesið það á ensku. Skoðið líka íslenska textann. Eru einhver orð í honum sem þið þekkið? Þegar þið vitið hvað textinn þýðir, getið þið giskað á hvaða orð á að þýða hvað? Hefur þýðandinn breytt einhverju í merkingu textans? Ef ljóðið er langt þurfið þið ekki að skoða það allt heldur dugir að skoða eitt erindi eða tvö. Hvað finnst ykkur um þetta ljóð? Minnir það ykkur á eitthvað annað sem þið hafið lesið? Hafið þið nokkuð meira að segja um það?*

Í gegnum þessa æfingu „uppgötva“ nemendum muninn á frumtextanum og þýðingunni og þeir komast í snertingu við þýðingavandamál.

Það hjálpar nemendum við að bæta lestrarkunnáttuna að skoða texta þar sem merkingin er meira eða minna þekkt en þó ekki alveg. Þekkt orð verða „eyjar í textahafinu“ – fastir punktar í bylgjandi ljóðinu.

#### 4. Jólaorð: nýyrði og virkni

Þessi æfing var notuð í desember á 1. ári.

*Hvaða samsett orð finnið þið sem byrja á jóla-? Má e.t.v. bæta jóla- framan við nær því hvaða nafnorð sem er? Búið til eigin orð með jóla- og útskýrið hvað er átt við (það er allt í lagi að gera það á ensku). Athugið síðan hvort „þín“ orð eru til einhvers staðar á Netinu.*

Dæmi um nýyrði nemenda eru *jólarusl, jólavonbrigði, jólareikningar*. Hér sést að jafnvel stök orð geta falið í sér talsverða sjálfstjórningu.

Það kann að þykja fráleitt að láta nemendur búa til ný orð þegar þeir eru að basla við að læra þau orð sem þegar eru til í málinu. Ég tel hins vegar að nýyrðasmíð hafi marga kosti sem æfing á tungumálanámskeiði. Nemendur átta sig á orðmyndunarferlum, munstrum í málinu sem munu hjálpa þeim til að þátta og skilja ókunnug orð.

Að leika sér með tungumálið og vera skapandi hjálpar nemendum að tileinka sér það og þeim líður meira eins og heima hjá sér í nýja málinu. Nemendur vantar aldrei orð ef þeir geta búið þau til sjálf.

Sú íslenska venja að búa til nýyrði í stað þess að nota tökuorð, þáttur í hinni sterku hreintungustefnu, er frægt og sérstakt einkenni íslenskunnar. Samkvæmt minni reynslu af því að tala íslensku sem annað mál ríkir lýðræði í þessum málum, jafnvel þeir sem ekki hafa íslensku að móðurmáli mega skapa nýyrði. Ég hvet nemendur til að taka virkan þátt í þessum þætti íslenskrar menningar, að endurnýja og „bæta“ málið.

#### 5. Örnefnin og föllin

Þessi æfing var notuð á 2. misseri á 1. ári. Tilgangurinn var að nemendur skyldu fræðast um staði á Íslandi – en um leið um fall- og forsetninganotkun.

*1. Veljið íslenskt örnefni, t.d. af kortinu eða á grunni fyrri þekkingar. (Þið megið líka prófa að búa til eigið örnefni og athuga hvort það er til í raun!) Leitið á Vefnum að þessu örnefni í nefnifalli (grunnmynd). Hvers konar niðurstöður finnið þið? Hvers konar staður er þetta (t.d., kaupstaður, bóndabær, sýsla)? Hvar er staðurinn? Er einungis til einn staður á Íslandi sem kallast þessu nafni?*

*2. Leitið síðan að sama örnefni í öðrum föllum (þolfalli, þágufalli, eignarfalli). Finnið þið sömu vefsíður og áður? Finnið þið fleiri vefsíður eða færri? Hvað getið þið lært um notkun þessa örnefnis? Til dæmis: er notuð forsetningin í eða á með þessu örnefni til að merkja 'to, at, in'? Er notuð forsetningin frá eða úr til að merkja 'from'?*

*3. Farið aftur í íslensku símaskrána, [www.simaskra.is](http://www.simaskra.is). Í hvaða falli eru heimilisföng í símaskránni? Hvað með nöfn á bæjum og sveitarfélögum? Nöfn á mönnum og fyrirtækjum? Veljið eina götu eða fleiri. Hver býr í þessari götu? Býr einhver frægur þar? Eru einhver fyrirtæki í götunni? Hefur eitthvað merkilegt gerst þar?*

Þessari æfingu er ætlað að hjálpa til við að svara spurningunni „til hvers eru föll?“ enda er fall hugtak sem er flestum enskumælandi nemendum framandi og erfitt fyrir þá að skilja það. Með leit á Netinu sjá nemendur að mismunandi beygingarmyndir koma fyrir í mismunandi samhengi. Um leið læra þeir að nota netið sem málnotkunarhjálpargagn: til að athuga notkun forsetninga með örnefnum.

Nemendur verða einnig að geta borið kennsl á mismunandi fallmyndir þegar þeir sjá þær í samhengi til þess að geta skilið texta og lært rétta notkun falla. Í þessari æfingu verða

þeir að þekkja muninn á nefnifalli og þágufalli t.d. til að geta flett upp heimilisfangi í símaskránni.

## V. Lokaorð

Vefurinn býður upp á margvíslega möguleika sem hjálpargagn við tungumálakennslu. Hægt er að nota vefinn og leitarmöguleika hans til að þjálfa lestrarkunnáttu og málfræði og ennfremur til að fræða nemendur um land og þjóð markmálsins. Hér hefur einungis verið fjallað um ritaða texta en auðvitað er þar einnig að finna hljóðritanir, hreyfimyndir og margt fleira sem hægt er að virkja í tungumálakennslu.

En til þess að synda í þessu hafi í stað þess að sökkva verða bæði nemendur og kennarar að nota vefefnið með opnum hug, þola óvissu og jafnvel ringulreið. Ég óska ykkur öllum góðrar skemmtunar.

## Heimildir

- Amory, Frederic. 2004. [Ritdómur um] *Bard of Iceland: Jónas Hallgrímsson, Poet and Scientist* by Dick Ringler. *Scandinavian Studies* 76 (1): 90–100.
- Brown, H.D. 2000. *Principles of language learning and teaching*. New York: Longman.
- Chapelle, C. og Roberts, C. 1986. „Ambiguity tolerance and field independence as predictors in English as a second language.“ *Language Learning* 36(1): 27-45.
- Cook, Robert. 2004. „Jónas á ensku.“ *Skírnir* 178: 239–255.
- Ely, C. 1989. „Tolerance of ambiguity and use of second language strategies.“ *Foreign Language Annals* 22: 437-445.
- Keller, Frank og Lapata, Maria. 2003. „Using the Web to obtain frequencies for unseen bigrams.“ *Computational Linguistics* 29 (3): 459-484.  
<http://homepages.inf.ed.ac.uk/mlap/Papers/cl03.pdf>
- Silja Aðalsteinsdóttir. 2007. „Að þýða Jónas með stuðlum, viðtal við Dick Ringler.“ *Tímarit Máls og menningar* 68 (1): 4–17.
- Stern, H. H. 1983. *Fundamental Concepts of Language Teaching*. Oxford: Oxford University Press.
- Volk, Martin. 2002. „Using the Web as a corpus for linguistic research.“ Í: Renate Pajusalu og Tiit Hennoste (ritstj.): *Tähendusepüüdja. Catcher of the Meaning. A Festschrift for Professor Haldur Öim*. Publications of the Department of General Linguistics 3. University of Tartu.) [http://www.ifi.unizh.ch/cl/volk/papers/Oim\\_Festschrift\\_2002.pdf](http://www.ifi.unizh.ch/cl/volk/papers/Oim_Festschrift_2002.pdf)